

EXCE2GF05

Kennsluáætlun

Viðfangsefni áfangans:

Í áfanganum eru notkunarmöguleikar Excel-töflureiknis skoðaðir. Lögð er áhersla á almennna gagnavinnslu, tilbúin föll(function) og **hvernig Excel nýtist í nútímastörfum og námi**. Forritunarmöguleikar í excel verða skoðaðir og Pivot töflur. Áfanginn er mjög verkefnamiðaður þar sem nemendur fást við raunveruleg vandamál og þjálfast í finna eigin leiðir að lausnum.

Mælst er til að nemendur hafi eigin tölvu í náminu með Excel.

Markmið áfangans:

Pekkingarviðmið	Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á: -helstu notkunarmöguleikum Excel töflureiknis -tilbúnum föllum(Function) í Excel -töflugerð í Excel -flokkun gagna -útlitsbreytingum taflna í Excel -notkunarmöguleikum Macro í excel (upptaka aðgerða) -Forritunarmöguleikum í Excel
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: -breyta skjölum m.v. ákveðnar útlitskröfur -flokka gögn -láta Excel flokka gögn sjálfvirkt eftir fyrirfram gefinni forskrift -nota tilbúinn föll(function) við mismunandi verkefni -nota Macro til að flýta fyrir endurteknum aðgerðum -búa til töflur og breyta þeim á ýmsan hátt -sækja upplýsingar í gagnasöfn með hjálp tilbúinna falla
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: -nota Excel á skapandi hátt við mismunandi verkefni -sýna sjálfstæði í vinnubrögðum -sjá notkunarmöguleika excel við utanumhald og meðferð gagna í daglegu lífi

Kennslubækur og kennslugögn:

- Efni frá kennara

Próf/verkefnaskil:

Áfanganum verður skipt upp í tvær lotur. Í hverri lotu verða lögð fyrir ýmis skilaverkefni, bæði einstaklings- og hópverkefni. Lotu lýkur með lotuprófi. Öllum nemendum ber að taka lotuprófin og skila öllum heimaverkefnunum tímanlega. Forfallist nemandi í lotuprófi vegna veikinda eða annarra löggildra ástæðna verður hann að taka veikinda-/forfallapróf við fyrsta tækifæri í samráði við kennara eða í síðustu kennsluviku annarinnar.

Námsmat:

Námsmati er skipt þannig:

Vægi lotuprófa..... 30%

Vægi skilaverkefna..... 70%

-Vinnubókarverkefni 40%

-Önnur skilaverkefni 30%

Ath! Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.